

Af forsetum og forsetakosningum 13 apríl 2016

Ég finn hjá mér hvöt til að óska íslenskri þjóð til hamingju með framboð og væntanlega kosningu þrásitjandi forseta, "klettsins," í andlegum ólgusjó þjóðarinnar. Með kosningu hr. Kristjáns Eldjárns og síðar frúar Vigdísar Finnbogadóttur, tók þjóðin þá stefnu að velja sér alþýðlegt, menntað og heilsteypt fólk til virðingarembættis forseta Íslands, embættis, sem skyldi hafið yfir dægurþras stjórn mála, sjálfsást og sjálfsupphafningu. Þeirri stefnu var breytt, þegar fólkíð kaus sér að virðingarleiðtoga Ólaf Ragnar Grímsson, sem margsinnis hafði opinberað sig að óskammfeilni, lygum og valdsýki. Enda hefur hann breytt embættinu samkvæmt eldfornu, "konungsákvæði" í stjórnarskránni, sem veitti Kristjáni tíunda neitunarvald við lagasetningu. Óskammfeilnin hefur nú náð hámarki. Ég veit varla, hvort ég sé staddur í íslensku "Gaukshreiðri," eða leikhúsi fáránleikans. Þá horfi ég að vísu ekki einvörðungu til Bessastaða. Atvinnutrúður hefur nýlega horfið úr embætti borgarstjóra og stærsti "skoðanakannanaflokkur" Alþingis kallar sig sjóræningja. "Guð blessi Ísland" og alla Íslendinga.